

Lestrarbækur sem kveikja áhuga

Lokaskýrsla veturinn 2021–2022 Grunnskóli Vestmannaeyja

Umsjónarmaður: Helga Sigrún Þórsdóttir
Ábyrgðarmaður: Snjólaug Elín Árnadóttir
Unnur Líf Ingadóttir Imsland



Markmið verkefnis

Það er mikilvægt fyrir börn að geta valið spennandi lestrarbækur sem henta lestrargetu þeirra og áhuga. Barn nær betri lesfimi með því að lesa marga léttu texta sem það hefur áhuga á. Það skiptir því miklu máli að börn hafi aðgang að góðum lestarbókum sem höfða til áhugasviða þeirra en ekki er nægilegt úrval af léttlestrarbókum og því mikilvægt að bæta úr því.

Fyrirhugað er að semja léttlestrarbækur fyrir nemendur á yngsta stigi sem náð hafa tökum á grunnfærni í umskráningu og því komnir af stað í sínu lestrarnámi. Áætlað er að gefa þær út á rafrænu og prenttæku formi. Í lestrarbókunum verða verkefni sem reyna á lesskilning en einnig er markmið að auka orðaforða barnanna. Í bókunum verða ákveðin orð kynnt fyrir börnunum en það er gert til að hjálpa þeim að tileinka sér ný orð við lestur. Við stefnum á að nota sérstakt letur sem auðveldar t.d. lesblindum börnum að lesa (Dyslexiefont).

Markmið okkar er að veita börnum aukin tækifæri til að velja sé áhugaverðar bækur sem þau hafa gaman af og kveikja áhuga þeirra til frekari lesturs.

Hindranir og frávik

Það gekk vel í upphafi verkefnis og voru haldnir reglulegir fundir þar sem hugmyndavinna fór fram. Þegar leið á veturinn setti Covid strik í reikninginn og hittumst við ekki jafn oft. Hugmyndavinnan varðandi textagerð tók mun lengri tíma en áætlað var í upphafi.

Launakostnaður var því mjög vanmetinn í kostnaðaráætlun okkar og fóru mun fleiri vinnustundir í þessa vinnu en við gerðum ráð fyrir.

Nokkrir nemendur í 2. bekk Grunnskóla Vestmannaeyja lásu drög að fyrstu tveimur lestrarbókunum fyrir okkur og gáfu okkur endurgjöf varðandi inntak og letur. Það fór mikill tími í þessa vinnu þar sem nemendur fóru með bækurnar heim og lásu einnig fyrir foreldra sína.

Ekki tókst á þessum tíma að láta myndskreyta bækurnar þar sem kostnaður við það er mikill og hugmyndavinna og yfirlestur texta tók mun lengri tíma en áætlað var. Ekki er því búið að gefa bækurnar út en texti við fyrstu tvær er tilbúinn og drög að þriðju bókinni liggur fyrir.

Prentunarkostnaður er mun meiri en gert var ráð fyrir og leita þarf því frekari styrkja til að koma að prentunarkostnaði og myndskreytingum.

Einnig þurfti að greiða áskrift á forritinu Canva sem við notuðum við uppsetningu á bókunum og var það kostnaður sem við gerðum ekki ráð fyrir.

Við ætlum að leita frekari leiða til að halda áfram við þessa vinnu. Draumurinn er að þessi bókasería verði a.m.k fimm bækur sem geti ratað inn á öll heimili landsmanna til að auka framboð áhugaverðra léttlestrarbóka fyrir börn landsins.

Mat á verkefni

Hugmyndavinnan gekk vel og lokaniðurstaða var að skapa heim fyrir nemendur sem flestir þekkja. Hugmyndin að lífinu í Ljósuvík varð til. Við fylgjum þeim Laugu og Ævari í gegnum bækurnar og búa þau í bæ sem kallast Ljósavík. Krakkarnir búa í lítilli götu og beint á móti þeim búa amma þeirra og afi sem eru mjög uppátækjasöm.

Nokkrir nemendur í 2. bekk Grunnskóla Vestmannaeyja lásu fyrstu drög að lestrarbókunum fyrir okkur og gáfu okkur endurgjöf varðandi inntak og letur. Það var mjög gagnlegt og varð til þess að við breyttum leturgerð á bókunum og tókum mið af athugasemdum þeirra. Leturgerðin sem nemendur völdu heitir Andika og er sama letur og þessi texti er skrifaður með. Það fór mikill tími í þessa vinnu þar sem nemendur fóru með bækurnar heim og lásu einnig fyrir foreldra sína. Viðbrögðin voru afar jákvæð og gaman að segja frá því að ekkert barn kvartaði yfir bókunum og allir voru mjög jákvæðir. Börnin óskuðu eftir fleiri bókum og voru einnig að koma með hugmyndir að því sem gæti komið fyrir í Ljósuvík.

Eftir þessa vinnu erum við mjög bjartsýnar á að bækurnar muni höfða vel til barna og auka orðaforða þeirra og áhuga. Mikil áskorun er að finna réttu orðin í léttlestrarbækur og teljum við sú vinna hafi tekist vel.

Ráðstöfun styrks

Heildarstyrkur til verkefnisins var 600 þúsund sem náði ekki að fjármagna það nema að litlum hluta.

Laun	300.000
Canva	120.000 kr.
Sími og internet	60.000 kr.
Prentunarkostnaður á léttlestrarbókum, blek, pappír.	20.000 kr.
Letur	50.000 kr.
Samtals	550.000 kr.

Heildarstyrkur verkefnisins var 600.000. Kostnaður verkefnisins er kominn upp í 550.000 kr. Eftir standa 50.000 þúsund krónur sem áætlað er að ganga upp í myndskreytingu og prentun.

Undirritun skýrslu

Umsjónarmaður

Ábyrgðarmaður

Skólastjórnandi

Lífið í
Ljósuvík
Lummurnar



Helga Sigrún Þórsdóttir
Snjólaug Elín Árnadóttir
Unnur Líf Ingadóttir Imsland

L j ó s a - v í k

Ljósavík

t v í - b u r a r

tvíburar

S m á r a - v e g u r

Smáravegur

Í litlum bæ sem heitir

Ljósavík er lítil gata sem heitir

Smáravegur. Við köllum götuna

Smáró.

Smáró 8

Þar búa afi, amma galdró

og Dúlla hundurinn þeirra.

Smáró 9

Þar búa mamma, pabbi og

tvíburarnir Lauga og Ævar.

Hvað heitir bærinn þinn?

Hvað búa margir á þínu heimili?

á k v á ð u

ákváðu

k ö l l u ð u

kölluðu

a t h u g a

athuga

Þau ákváðu að
athuga málið
og röltu yfir götuna

Þau opnuðu dyrnar
og gengu inn.

Halló er einhver heima
kölluðu krakkarnir.

Hvað þýðir að röltu?

Heldur þú að einhver hafi verið heima?